

Alþingi  
Erindi nr. P 138/2951  
komudagur 22. 7. 2010



Ferðamálastofa  
Icelandic Tourist Board

Geirsgata 9 · 101 Reykjavík  
Sími: 535-5500 · Fax: 535-5501  
[upplýsingar@icetourist.is](mailto:upplýsingar@icetourist.is)  
[www.ferdamalastofa.is](http://www.ferdamalastofa.is)  
[www.ferdalag.is](http://www.ferdalag.is)

Strandgata 29 · 600 Akureyri  
Sími: 535-5510 · Fax: 535-5511  
[upplýsingar@icetourist.is](mailto:upplýsingar@icetourist.is)  
[www.ferdamalastofa.is](http://www.ferdamalastofa.is)  
[www.ferdalag.is](http://www.ferdalag.is)

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Akureyri 22. júlí 2010

**Efni: Umsögn Ferðamálastofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands nr. 73/1969, með síðari breytingum Mál 658 - Þskj. 1258**


Allsherjamefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Ferðamálastofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands nr. 73/1969, með síðari breytingum

Ferðamálastofa gerir ekki athugasemdir við frumvarpið en leggur áherslu á að ferðamálin fái aukið vægi innan nýs ráðuneytis atvinnu og nýsköpunar. Í auknum mæli er horft til ferðaþjónustunnar sem eins meginvaxtarbrodds atvinnulífsins, enda er ferðaþjónusta ört vaxandi atvinnugrein hér á landi og sóknarfærin fjölmörg. Það er mat Ferðamálastofu að ferðaþjónustan eigi eftir að vaxa enn frekar og ferðamönnum fjölga. Þess vegna er þörf á að lögð verði mikil áhersla á ferðamálin í hinu nýja og sameinaða ráðuneyti, en sjónarmið og hagsmunir ferðaþjónustunnar hafa stundum átt undir högg að sækja þegar komið hefur verið að ákvarðanatöku um uppbyggingu atvinnulífs.

Ferðamálastofa tekur undir mikilvægi þess að gera þjónustu hins opinbera við almenning og atvinnulíf eins góða og kostur er með þeim fjármunum sem til ráðstöfunar eru og mikilvægt er að þjónusta ráðuneyta og stofnana birtist almenningi á aðgengilegan, gegnsæjan og skilvirkan hátt. Með sameiningu ráðuneyta og stofnana má vænta aukins hagræðis og samlegðaráhrifa og þverfaglegar samvinnu hinna ýmsu atvinnugreina. Ferðamálastofa sér fjölmörg tækifæri felast í aukinni samþættingu stuðnings við mismunandi atvinnugreinar s.s. sjávarútveg og landbúnað, enda tengjast þessar atvinnugreinar með ýmsum hætti. Sameiningin getur einnig leitt til frekari sérhæfingar starfsmanna, aukið möguleika starfsfólks til þróunar í starfi og aukið fjölbreytni verkefna.

Ferðamálastofa tekur undir að með sameiningu ráðuneyta í atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti fái betri yfirsýn yfir atvinnulífið á Íslandi og það stuðli að því að til verði heildstæð atvinnustefna sem ekki geri upp á milli atvinnugreina og auðveldi jafnframt stjórnvöldum að bregðast við breytingum og þróun í atvinnuháttum.

Virðingarfyllst,

  
Helena P. Karlsdóttir, lögfræðingur